

9.7.7

HVALFJARÐAR SVEIT



Faxaflóahafnir sf

Tryggvagötu 17
101 Reykjavík



Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes
Sími : 433 8500
Fax : 433 8501
Kt. 630606-1950

1. maí 2014

1403029 SÓÁ

Lýsing breytingar aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 á landnotkun og stefnumörkun iðnaðarsvæðis á Grundatanga.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 25. mars sl. lýsingu breytingar aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er varðar stækkun iðnaðarsvæðis um 52,4 ha og minnkun athafnasvæðis um 85,8 ha og minnkun hafnarsvæðis um 6,7 ha á Grundartanga sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 30. apríl sl. lýsingu breytingar aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er varðar stefnumörkun iðnaðarsvæða á Grundartanga sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Haldinn verður opinn kynningarfundur fyrir almenning og aðra hagsmunaaðila varðandi lýsingu ofangreindra breytinga aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 í félagsheimilinu Fannahlíð, í Hvalfjarðarsveit, fimmtudaginn 8. maí nk. kl. 17:30. Lýsingarnar liggja frammi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3 og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar, www.hvalfjardarsveit.is/skipulag/auglysingar.

Ábendingar við efni lýsinganna skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi þann 22. maí 2014 á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is.

Virðingarfyllt

Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir,
Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is